

Viðvörðun Guðs: merki dýrsins

Allsstaðar í Biblíunni sjáum við himneskan föður okkar stöðugt leitast við að frelsa mannkynið frá eyðingu. Þegar hörmungar hafa dunið yfir heiminn hefur Guð jafnan sent varnaðarorð til mannkynsins til að frelsa það frá hættunni. Rétt fyrir eyðing jarðarinnar í flóði prédikaði Nói lokaviðvörðunarboðskap Guðs í 120 ár. Núna, áður en jörðunni verður eytt í eldi, megum við reikna með að Guð vari heiminn við hættunni sem er framundan? Svo sannarlega!

Í síðasta verkefni sáum við að hvíldardagurinn er sambandstákn um sköpunarmátt og frelsunarmátt Guðs og að hann væri sérstakt innsigli fyrir fólk hans, andstætt merki dýrsins. Við sáum að einnig verður til „vanheilög þrenning“ sem mun innleiða merki antikrists eða merki dýrsins. Hingað til höfum við séð að það er Satan sem er hornsteinn þessarar þrenningar og að dýrið (þjóðin) í Opinberunarbókinni 13. kafla er páfadómurinn. Nú munum við rannsaka hvernig þessari illu áætlun lýkur.

1. Hve langan tíma fékk dýrið (páfadómur) að ríkja með sitt ógnarvald?

Opinberunarbókin 13.1-10

Ath. Rómverski keisarinn, Jústínús, gaf út tilskipun sem gaf páfadóminum ótakmarkað vald yfir öllum kirkjum. Þessi tilskipun tók gildi 538 e.Kr. þegar þrír ættbálkar voru „rifnir upp með rótum“. Þessi atburður var uppaf tímabils sem er kallað „hinar myrku miðaldir“.

2. Hvernig eigum við að túlka „dagsetningar og tíma“ í Biblíunni? Esekíel 4.6

Ath. Fjörutíu og tveir mánuðir eru 1260 dagar eða ár. Þessi sami tími kemur einnig fyrir í Opinberunarbókinni 12.5-6, 13-14. Ár er stundum kallað „tíð“, sbr. þegar Nebúkadnesar konungur bjó meðal dýra merkurinnar í „sjö tíðir“ eða sjö ár. gerir samanlagt 360 daga í einni „tíð“, 720 daga eða tvisvar sinnum meira í „tíðir“ og 180 dagar í hálfri tíð, sem gerir það sama og 42 mánuðir eða 1260 spádómsár. Daníel 7.25. Guð gefur aftur og aftur ábendingar um tímann svo að það leiki enginn vafi á því hvaða vald er á bak við dýrið.

3. Hvað gerðist í Róm 42. mánuðum eftir árið 538 e.Kr. þegar páfinn varð konungur og hóf hinar grimmilegustu ofsóknir á hendur andstæðingum rómversku kirkjunnar?

Opinberunarbókin 13.10

22-2

Ath. Árið 1798 tók her Napóleons páfann til fanga. Hann dó í Valence, frönsku virki, 18. mánuðum seinna. Eins og hafði verið sagt: hann sem sendi aðra í herleiðingu varð sjálfur herleiddur. En „banasárið varð heilt.“ Árið 1929, viðurkenndi Ítalska ríkið Vatíkanið sem sjálfstætt ríki. Vald rómverska páfaveldisins var endurreist og hefur vaxið á pólitíska sviðinu.

4. Hvaða gjörðir konungsins úr norðri gefa okkur vísbendingu um að hann sé antikristur? Daníelsbók 11.36

5. Hvert er viðhorf antikrists (páfadómsins) til hins heilaga sáttmála (hvíldardagsins)? Daníel 11.28

6. Hvernig kemur hann fram við þá sem yfirgefa og brjóta heilagan sáttmála Guðs? Daníel 11.30-32

Ath. Antikristur ákveður í hjarta sínu að vera á móti heilögum sáttmála Guðs og vinnur á móti honum. Rómversk kaþólska kirkjan viðurkennir að hún hefur breytt tilbeiðsludeginum frá laugardegi yfir á sunnudag. Biblían segir að fólk Guðs muni standa gegn þessu afli.

7. Hvernig er öðru dýrinu í Opinberunarbókinni 13 lýst? Opinberunarbókin 13.11

Ath. Þetta dýr stígur upp af jörðinni – ekki hafinu, eins og hin dýrin. Þess vegna hlýtur það að rísa upp á tiltölulega fámennu svæði. Það kom fram á sjónarsviðið á svipuðum tíma (1798) og þegar páfinn var tekinn höndum. Þetta dýr er því tákn um veldi sem er mun yngra en veldin táknuð með hinum dýrunum í Daníel 7. Aðeins eitt vald passar við þessar lýsingar – Bandaríkin. Þessi þjóð óx og dafnaði í óbyggðum Nýja heimsins og varð áberandi í heiminum á seinni hluta átjándu aldar.

8. Hvað þvingar þetta dýr fólk til að gera? Opinberunarbókin 13.12

9. Hvað fá þeir sem tilbiðja dýrið eða líkneski þess? Opinberunarbókin 13.15-17

Ath. Ef innsiglið er hvíldardagurinn og málið snýst um tilbeiðslu, þá hlýtur merki dýrsins að vera sunnudagurinn. Þannig réðst dýrið gegn heilögum sáttmála Guðs.

10. Hvað verður um þá sem neita að hlýða? Opinberunarbókin 13.15

Ath. Þetta „líkneski“ mun ekki verða fullmótað fyrr en pólitísk völd styðja trúarleg lög og skylda sunnudagshelgihald.

11. Hver er tala dýrsins, tala mannsins? Vers 18

Ath. Einn af latnesku embættistitlum páfans, æðsta manns kaþólsku kirkjunnar, er Vicarius Filii Dei, eða „fulltrúi sonar Guðs“. Latneskir tölustafir eru líka bókstafir, og því er hægt að reikna tölugildi latneskra nafna með því að leggja saman þá bókstafi sem eru líka tölustafir.

Vicarius: V=5 + I=1 + C=100 A&R=0 + I=1 + U=5 (u og v eru sami stafurinn á latnesku) + S=0 sem gerir 112

Filii: F=0 + I=1 + L=50 + I=1 + I=1 sem gerir 53.

Dei: D=500 + E=0 + I=1 =501.

Samtals: 112+53+501=666.

12. Hvaða sérstaka boðskap gefur Guð fólki sínu á hinum síðustu dögum?

Opinberunarbókin 14.6-12

13. Hver er boðskapur fyrsta engilsins? Opinberunarbókin 14.6-7

Ath. Guð segir að fyrir endalokin verði fagnaðarerindið að fara um alla jörðina. Matteus 24.14. Heilögum Anda Guðs verður úthellt á sérstakan hátt svo að jörðin mun verða upplýst af dýrð hans.

14. Hvaða boðorð bendir sérstaklega á Guð sem skaparann? 2 Mósebók 20.8-11

15. Hvað er Babýlon? Opinberunarbókin 18.1-5, 23-24

Ath. Orðið Babýlon kemur af orðinu Babel sem táknar andlega ringulreið. Það er notað í Ritningunni til þess að benda á ýmsar gerðir af fölskum trúarbrögðum. Í 17. kafla Opinberunarbókarinnar er Babýlon táknað sem kona. Þessi úmynd er notuð í Biblíunni sem tákn um kirkju. Hreinlíf kona táknar hreina kirkju og spillt kona táknar falska kirkju. Þar sem skarlat skryðda konan situr á dýrinu gefur það til kynna að fallna kirkju er í tengslum við ríki. Þetta áhrifamikla trúarvald hefur innleitt falska tilbeiðslu sem er ekki byggð á hinu hreina fagnaðarerindi og er einnig ábyrgt fyrir blóði píslarvottanna. Þetta trúarvald er páfadómurinn.

16. Hver er boðskapur annars engilsins? Opinberunarbókin 14.8 _____

Ath. Þar sem boðskapur annars engilsins kemur á eftir þeim fyrsta virðist sem hið hreina fagnaðarerindi sem bendir á Guð sem skaparann muni leiða til falls Babýlonar.

17. Hver er boðskapur Guðs til fólksins í Babýlon (föllnum kirkjum)?
Opinberunarbókin 18.4-5

18. Við hverju varar Guð í boðskap þriðja engilsins? Opinberunarbókin 14.9-11

19. Hvernig er hinum heilögu lýst í næsta versni? Opinberunarbókin 14.12

Ath. Ólíkt þeim sem fá merki dýrsins mun fólk Guðs halda boðorð hans og þar með einnig heilagan hvíldardag hans.

Samantekt: Mest sláandi spádómur Biblíunnar er að kirkja og ríki munu sameinast undir gunnfána Satans. Þegar hamfarir og hörmungar halda áfram að aukast er auðvelt að sjá hvernig heimurinn mun bregðast við kallinu um að snúa aftur til Guðs og þar með tilskipunum um að allt samfélagið tilbiðji á sunnudegi.

Svör við nr. 22

Spurning 1 – Fjörutíu og tveir mánuðir

Spurning 2 – Einn dagur táknað eitt ár

Spurning 3 – Her Napóleons hertók páfann og drap hann

Spurning 4 – Hann mun hefja sig upp yfir og ofmetnast gegn Guði

Spurning 5 – Hann mun snúa huga sínum í móti hinum heilaga sáttmála

Spurning 6 – Hann mun gefa gætur að þeim sem yfirgefa hinn heilaga sáttmála

Spurning 7 – Það líktist lambi en talaði eins og dreki

Spurning 8 – Það þvingar það til að tilbiðja fyrri dýrið – páfadóminn

Spurning 9 – Þeir fá merki dýrsins

Spurning 10 – Þeir verða drepnir

Spurning 11 – 666

Spurning 12 – Boðskap englanna þriggja

Spurning 13 – Tilbiðjið Guð sem er skaparinn

Spurning 14 – Hvíldardagsboðorðið

Spurning 15 – Babýlon er páfadómurinn

Spurning 16 – Babýlon er fallin

Spurning 17 – Gangið út úr Babýlon

Spurning 18 – Þar er varað við því að fá merki dýrsins

Spurning 19 – Hinir heilögu hlýða boðum Guðs og varðveita trúna á Jesú